

REGLUGERÐ

um framkvæmd viðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 1. maí 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar beitingu vægustu stjórnsýsluviðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 í þessari reglugerð og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 494/98 sem tilvísanir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 og skulu tilvísanir lesnar í samræmi við samsvörunartöflu í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000.

4. gr.

Tilvísanir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 494/98 er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 28. júlí 1999

um samþykki eftirlitsáætlunar sem Danmörk lagði fram um greiningu efnaleifa eða efna í lifandi dýrum og dýraafurðum

(tilkynnt með númeri C(1998) 2166/3)

(Einungis danski textinn hefur lagagildi)

(Texti sem varðar EES)

(98/494/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (1), einkum fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. 8. gr.

Eftirlitsáætlunin sem Danmörk lagði fram um greiningu efnaleifa og efna í lifandi dýrum og dýraafurðum, sem um getur í I. viðauka við reglugerð 96/23/EB, er hér með samþykkt.

2. gr.

Danmörk sendi framkvæmdastjórninni skjal, sem var dagsett 30. júní 1997, með áætlun þar sem tilteknar eru þær innlendu ráðstafanir sem eiga að koma til framkvæmda á árinu 1998 til að greina tiltekin efni eða leifar þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum. Þeirri áætlun var breytt með skjali sem var dagsett 2. mars og 4. júní 1998, í samræmi við beiðni framkvæmdastjórnarinnar, til að færa áætlunina til samræmis við kröfur tilskipunar 96/23/EB.

Danmörk skal samþykkja lög, reglugerðir og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hrinda í framkvæmd áætluninni sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Athugun á áætluninni hefur leitt í ljós að hún er í samræmi við tilskipun 96/23/EB einkum 5. og 7. mgr. hennar.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Danmerkur.

Gjört í Brussel 22. júlí 1998.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um heilbrigði dýra og dýraafurða.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. október 2011

(¹) Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.